

Af skýrslum þeim, sem hér að framan hafa verið raktar, er ljóst, að telpan hefur í umrætt skipti hlaupið út á milli hinna kyrrstæðu bifreiða og lent á hlið R 1880. Enn fremur er ljóst, að bifreiðinni hefur verið ekið fremur hægt og hemlar og annar útbúnaður hennar hefur verið í lagi. Þá er og ósannað, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir telpuna. Að þessu athuguðu svo og atvikum að öðru leyti þykir verða talið í ljós leitt, að ökumaður bifreiðarinnar hefði eigi getað afstýrt slysinu, ef hann hefði sýnt fulla aðgæzlu og bifreiðin hefði verið í lagi, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bernhard Petersen, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hafsteins Ólafssonar f. h. Helgu Hafsteinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 9. marz 1967.

Nr. 151/1966. **Landgræðsla ríkisins og Vátryggingafélagið**
h/f (Jón Magnússon hdl.)

gegn

Landnámi ríkisins (Jón L. Arnalds hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1966 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna og stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að afrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins afrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Landgræðsla ríkisins og Vátryggingafélagið h/f, greiði stefnda, Landnámi ríkisins, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Í 1. gr. laga nr. 18/1941 segir, að landbúnaðarráðherra hafi yfirumsjón sandgræðslumála, en forstjórn þeirra skuli falin Búnaðarfélagi Íslands. Ráðherra skuli þó skipa sandgræðslustjóra, sem hafa skuli framkvæmd sandgræðslumála með höndum. Á fjárlögum ár hvert var veitt fé til starfsemi þessara, sem mun hafa verið nefnd Sandgræðsla ríkisins. Lög nr. 18/1941 voru felld úr gildi með lögum nr. 17/1965. Með þeim lögum var starfsemi sú, sem um ræddi í lögum nr. 18/1941, falin nýrri stofnun, Landgræðslu ríkisins. Í 1. mgr. 3. gr. laga þessara segir, að landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn landgræðslumála og skipi landgræðslustjóra.

Í 24. og 26. gr. laga nr. 75/1962 segir, að sameinað Alþingi skuli kjósa nýbýlastjórn, er síðan skuli ráða framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri, og að stofnun sú og starfsemi, sem nýbýlastjórn og landnámsstjóri veiti forstöðu, skulu nefnast Landnám ríkisins. Þá segir í 2. mgr. 1. gr. laga þessara, að landbúnaðarráðherra hafi á hendi yfirstjórn allra þeirra mála, er lögin fjalla um. Síðan lög þessi voru sett, hefur á fjárlögum ár hvert verið veitt fé til starfsemi þessara.

Áfrýjandi Vátryggingafélagið h/f hafði selt „Sandgræðslu Íslands“ vátryggingu vegna dráttarvélarinnar L.d. 92. Segir í vátryggingarskírteininu, að tryggt sé „gegn sérhverri einkaréttar-skaðabótakröfu, sem vátryggingartaka samkvæmt núgildandi islenzkum umferðarlögum er skylt að tryggja gegn

sem eiganda hinnar váttryggðu bifreiðar vegna tjóns, sem hlotizt hefur af notkun hennar“. Samkvæmt málflutningi aðilja er „Sandgræðsla Íslands“ sama stofnunin og Sandgræðsla ríkisins, sem um er rætt í málinu. Fram hefur komið í málinu, að ríkissjóður og stofnanir hans greiða lægra váttryggingariðgjald vegna vélknúinna ökutækja en einstaklingar.

Hinn 15. maí 1965 varð það óhapp, er verið var að aka dráttarvélinni L.d. 92, að dreifari, sem við hana var tengdur, rakst í bifreiðina R 7394, sem talin er eign stefnda, og skemmdi hana nokkuð. Stefndi krefur áfrýjendur um bætur vegna tjóns þessa samkvæmt 1. mgr. 69. gr., sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 26/1958.

Þegar litið er til verkefna þeirra, sem stofnunum þeim, er hér um ræðir, eru falin og lagaákvæða þeirra, sem að framan eru rakin, er ljóst, að hér er aðeins um þætti framkvæmdarvaldsins að ræða, sem gefin hafa verið ákveðin nöfn. Verðmæti þau, sem stofnanir þessar hafa undir höndum, eru eign ríkissjóðs, og á ríkissjóði hvíla óskorað þær skuldbindingar, sem stofnanir þessar kunna að stofna til. Hin vélknúnu ökutæki, sem um er fjallað í máli þessu, voru því bæði eign ríkissjóðs, er óhapp það varð, sem mál þetta er risið af. Ökutækin voru að visu undanskilin váttryggingarskyldu samkvæmt 5. mgr. 70. gr. laga nr. 26/1958, en með váttryggingarsamningi áfrýjenda, sem áður var rakinn, tók Váttryggingafélagið h/f að sér váttryggingu á dráttarvélinni L.d. 92 samkvæmt þeim reglum, sem giltu um skylduváttryggingu vélknúinna ökutækja. Þegar virt eru ákvæði 3. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 26/1958, er ljóst, að váttrygging sú, sem um ræðir í 70. gr. sömu laga, er í eðli sínu trygging til hagsbóta fyrir þriðja mann, en ekki skaðatrygging fyrir váttryggingartaka. Samkvæmt þessari váttryggingu bætist því eigi tjón á eignum váttryggingartaka sjálfs af völdum tryggðs vélknúins ökutækis hans.

Samkvæmt þessu og þegar þess er gætt, að ríkissjóður og stofnanir hans greiða lægra váttryggingargjald en einstaklingar, er áfrýjanda Váttryggingafélaginu h/f ekki skylt að

greiða stefnda bætur vegna tjóns þess, er varð á bifreiðinni R 7394 hinn 15. maí 1965, og ber því að sýkna félagið af kröfum stefnda. Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, að því er þessa aðilja varðar.

Að því er varðar kröfur stefnda á hendur áfrýjanda Landgræðslu ríkisins vegna Sandgræðslu ríkisins, þá er í málinu ekkert fram komið um fjárskipti Sandgræðslu ríkisins og Landgræðslu ríkisins, er fyrrnefnda stofnunin var lögð niður. Er sá þáttur málsins því svo vanreifaður, að eigi verður hjá því komizt að ómerkja héraðsdóminn, að því er þennan þátt málsins varðar, og vísa málinu frá héraðsdómi. Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli einnig niður, að því er þessa aðilja varðar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi, að því er varðar kröfu stefnda Landnáms ríkisins á hendur áfrýjanda Landgræðslu ríkisins vegna Sandgræðslu ríkisins.

Áfrýjandi Vátryggingafélagið h/f skal vera sýkn af kröfum stefnda í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. þ. m., hefur Pálmi Einarsson landnámsstjóri höfðað fyrir hönd Landnáms ríkisins gegn Páli Sveinssyni landgræðslustjóra f. h. Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti á Rangárvöllum, vegna Sandgræðslu ríkisins og Vátryggingafélaginu h/f, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 5.236.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 15. maí 1965 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað að mati dómarans.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 15. maí 1965 var dráttarvélinni L.d. 92, eign Sandgræðslu ríkisins, ekið utan í bifreiðina R 7394, eign Landnáms ríkisins, þar sem bifreiðin stóð kyrr á

hlaðinu í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Við áreksturinn varð tjón á bifreið þessari. Ágreiningslaust er í málinu, að ökumaður dráttarvélarinnar eigi alla sök á tjóninu og að fjárhæð tjónsins nemi kr. 5.236.00.

Dráttarvélin L.d. 92 var váttryggð hjá stefnda Váttryggingarfélaginu h/f venjulegri ábyrgðartryggingu fyrir slík tæki skv. 1. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Að viðgerð lokinni á R 7394 krafði Landnám ríkisins Váttryggingafélagið h/f um greiðslu á viðgerðarkostnaðinum, kr. 5.236.00. Váttryggingafélagið h/f neitaði að greiða og rökstuddi þá neitun í bréfi til stefnanda, dagsettu 18. ágúst 1965, en þar segir m. a.:

„Eins og undirritaður greindi fulltrúa yðar frá í munnlegu viðtali, teljum vér tjón þetta ekki bótaskýlt. Ástæðan til þessa er einfaldlega sú, að hér er um að ræða svokallaða 3ja manns tryggingu, en hún bætir ekki tjón, er kunna að verða á öku-tækjum sama eiganda. Í þessu tilviki er ríkissjóður eigandi beggja þessara stofnana og þá um leið tækja þeirra, og er því af þeim sökum eigi hægt að verða við kröfu yðar um bætur úr vorri hendi“.

Stefnandi vildi ekki una þessu og höfðaði mál þetta gegn Landgræðslu ríkisins, sem með lögum nr. 17/1965 yfirtók allan rekstur Sandgræðslu ríkisins, svo og gegn Váttryggingafélaginu h/f.

Telur stefnandi, að hvorki lagarök né eðli tryggingarinnar komi í veg fyrir ótvíráðan rétt stefnanda til að krefja bóta þessara. Röksemd Váttryggingafélagsins h/f um eignarrétt ríkisins sé hæpin og geti á engan hátt réttlætt synjun félagsins um greiðslu umræddra bóta. Landnám ríkisins hafi algerlega sjálfstæðan fjárhag, beri sjálft ábyrgð á sínum skuldum og sé að öllu leyti óháð og óviðkomandi Landgræðslu ríkisins, áður Sandgræðslu ríkisins í Gunnarsholti. Landgræðsla ríkisins beri á hinn bóginn sérstaka ábyrgð á sínum skuldum og eigi sínar eignir og hafi alveg sjálfstæðan fjárhag. Að vísu megi segja, að ríkið sé í ábyrgð fyrir þessar stofnanir, en þær séu hvor annarri algerlega óháðar, t. d. beri Landnám ríkisins ekki ábyrgð á fjárhag Landgræðslunnar og vice versa. Megi í þessu sambandi einnig benda á, að einstaklingar geti átt fyrirtæki í ýmsum formum, allt frá einkafyrirtæki eða sameignarfyrirtæki til almennings hlutafélags. Eignarrétturinn sem slíkur geti aldrei ráðið úrslitum í þeim. Bæði Landnám ríkisins og Landgræðsla ríkisins séu „persona að lögum“, enda sé algengt, að eitt ríkisfyrirtæki fari í mál við annað ríkisfyrirtæki. Þá sé rétt að líta nánar á þá röksemd Vá-

tryggingafélagsins h/f, að hér sé um að ræða svokallaða „þriðja manns tryggingu“ og geti félagið því ekki bætt umrætt tjón. Þessi röksemdafærsla Vátryggingafélagsins h/f hafi við lítil rök að styðjast, þegar þess sé gætt, að af vátryggingarskírteininu og umferðarlögunum megi ráða, að litið sé svo á sem bifreiðin sem slík sé tryggð frekar en eigandinn. Tryggingin sé bundin við farartækið og beri að bæta það tjón, sem það veldur, t. d. án tillits til þess, hver aki farartækinu. Sitji þetta sjónarmið í fyrirrúmi, enda sé hér verið að gæta hagsmuna þess, er fyrir tjóni verður, frekar en þess, sem tjóni veldur. Ekki verði séð, að eðlilegt sé, að um fimm hundruð bifreiðar, sem nú eru í eigu ríkisfyrirtækja, eigi að vera undirorpnar mun meiri áhættu en aðrar bifreiðar landsmanna, en þessi ríkisfyrirtæki greiði vátryggingafélögunum sama iðgjald fyrir tryggingu sinna bifreiða og aðrir einstaklingar og félög þeirra gera. Ef synjun Vátryggingafélagsins h/f um greiðslu eigi við rök að styðjast, yrði að taka allar tryggingar ríkisins á bifreiðum, vélum og tækjum til endurskoðunar.

Stefndu styðja kröfur sínar um sýknu þeim rökum fyrst og fremst, að umrædd vátrygging sé svonefnd skyldutrygging 70. gr., 1. mgr., umferðarlaganna, sem lögboðin sé til verndar hagsmunum 3ja manns gegn þeirri tjónáhættu, sem talin sé stafa af notkun vélknúinna ökutækja. Samkvæmt eðli tryggingarinnar gildi hún ekki gagnvart tryggingartakanum sjálfum eða eignum hans. Sé eiganda vélknúinna ökutækja og í löfa lagið að tryggja sig gegn tjóni, er hann kann að verða fyrir af eigin ökutækjum, t. d. með því að kaskótryggja tækin. Ökutækin, sem hér eigi hlut að máli, hafi bæði verið eign eins og sama aðilja, þ. e. ríkissjóðs. Leiði af því og með skírskotun til framanskráðs, að tjón það, sem annað farartækið olli á hinu, falli utan sviðs skylduvátryggingar þess og sé ekki bótaskylt gagnvart vátryggjanda þess, Vátryggingafélaginu h/f. Sú viðbára stefnanda, að sitt hvort ríkisfyrirtækið eigi hér hlut að, fái eigi breytt þessari niðurstöðu, þar sem bæði fyrirtækin séu óskoruð eign ríkissjóðs og lúti sameiginlegri yfirstjórn ríkisins bæði um fjárreiður og rekstur. Þannig mundi fjármálaráðherra fær um að vera fyrirvarsaðili bæði Landnáms ríkisins og Landgræðslu ríkisins í skaðabótamálum, er þau kynnu að eiga sameiginlega aðild að fyrir dómstólum.

Lagt hefur verið fram vottorð ríkisendurskoðandans, dagsett 12. apríl 1966. Þar er m. a. svo frá greint:

„Eftir beiðni . . . vottast, að Landnám ríkisins og Sandgræðsla

ríkisins (nú Landgræðsla ríkisins, sbr. l. nr. 17 24. apríl 1965) hafa algerlega aðskilinn fjárhag. Því er ekki um það að ræða að jafna skuldir milli þessara stofnana. Ríkisendurskoðunin lítur svo á, að fjármálakröfur geti stofnast milli Landnáms ríkisins og Landgræðslu ríkisins og að þær verði ekki útjafnaðar á þeim forsendum, að hér sé endanlega um sama aðila að ræða“.

Í 26. gr. laga nr. 75/1962 um stofnlánadeild landbúnaðarins, ræktun og byggingar í sveitum er ákvæði um sérstaka stofnun, er nefnist Landnám ríkisins, er nýbýlastjórn, sem skipuð er 5 mönnum, kosnum af Alþingi, og landnámsstjóri veita forstöðu. Samkvæmt 27. gr. laganna lætur landnámsstjóri eftir tillögum nýbýlastjórnar undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, nýbýli einstaklinga utan byggðahverfa eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kaupún og kaupstaði, og til framkvæmda þessara greiðir ríkissjóður ákveðna fjárhæð á ári hverju. Eru fjárframlög þessi tekin sem sérstakir liðir inn á fjárlög ár hvert. Til þessara framkvæmda hefur stofnunin keypt og starfrækt ýmis tæki, svo sem skurðgröfur, dráttarvélar og bifreiðar.

Er umræddur árekstur varð, voru í gildi lög nr. 18/1941 um sandgræðslu og heftingu sandfoks. Í 1. gr. þeirra laga segir m. a.:

„Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn sandgræðslumála, en forstjórn þeirra skal falin Búnaðarfélagi Íslands. Ráðherra skipar sandgræðslustjóra ...“. Sandgræðslustjóri hefur undanfarin ár setið í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Auk þess að stjórna sandgræðslumálum almennt hefur sandgræðslustjóri f. h. Sandgræðslunnar haft með höndum ýmiss konar ræktun og búskap í sambandi við heftingu foksands og græðslu landsins í Gunnarsholti og nærliggjandi jörðum. Hefur Sandgræðslan því keypt á sitt nafn og haft til sinna afnota ýmiss konar tæki, svo sem dráttarvélar og bifreiðar. Með lögum nr. 17/1965 um landgræðslu var sett á stofn sjálfstæð stofnun, Landgræðsla ríkisins, sem fer með landgræðslumál. Jafnframt því sem Sandgræðsla ríkisins var lögð niður með lögum þessum yfirtók Landgræðsla ríkisins eignir og skuldir og annað, er henni við kom. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta á hendur Landgræðslu ríkisins fyrir hönd Sandgræðslunnar.

Það er að vísu rétt, að landbúnaðarráðherra hafði lögum samkvæmt yfirstjórn Landnáms ríkisins og Sandgræðslunnar, og báðar heyrðu stofnanir þessar undir landbúnaðarráðuneytið og voru ríkiseign. Hér eru hins vegar tvær sjálfstæðar ríkisstofnanir, sem

starfa samkvæmt sérstökum lögum og eru alveg óháðar hvor annarri, bæði hvað snertir rekstur og reikningsskil. Dráttarvélin L.d. 92 var skrásett eign Sandgræðslunnar og rekin á kostnað og áhættu þeirrar stofnunar. Það tjón, sem dráttarvélin olli á bifreið Landnáms ríkisins, á að bætast af fé Sandgræðslunnar, og er það eigi á valdi framkvæmdarvalds ríkisins að gera þar aðra skipan á án sérstakrar lagaheimildar. Á grundvelli þess ber að fallast á það með stefnanda, að umræddar stofnanir komi fram sem sjálfstæðir aðiljar í lögskiptum þeim, sem hér um fjallar. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 68. gr., 1. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 ber stefndu að bæta stefnanda tjón það, sem hann varð fyrir, þegar dráttarvélin ók á bifreið stefnanda. Með því að ekki er deilt um sök né bótafjárhæð, ber að dæma stefndu in solidum til að greiða hina umstefndu skuld, kr. 5.236.00.

Stefndu hafa mótmælt vaxtakröfu stefnanda. Rétt þykir að dæma stefndu til að greiða 6% ársvexti frá 15. maí 1965 til 1. janúar 1966, en 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.500.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Landgræðsla ríkisins og Vátryggingafélagið h/f, greiði in solidum stefnanda, Landnámi ríkisins, kr. 5.236.00 með 6% ársvöxtum frá 15. maí 1965 til 10. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
